

Minnkað starfshlutfall vegna Covid – 19 veirunnar



Samþykkt hafa verið lög til þess að hvetja atvinnurekendur til að halda ráðningarsambandi við starfsfólk í stað þess að grípa til uppsagna meðan áhrifa Covid – 19 veirunnar gætir.



Skilyrði




- ❑ Hafa unnið í a.m.k. 45% starfshlutfalli
- ❑ Þarf að vera að minnsta kosti 18 ára
- ❑ Starfshlutfall má ekki fara niður fyrir 25%
- ❑ Starfsmaður þarf að vera áfram í a.m.k. 25% starfshlutfalli



Gildistími lækkaðs starfshlutfalls



Heimild í lögum um atvinnuleysistryggingar vegna minnkaðs starfshlutfalls gildir frá 15. mars til 1. júní 2020



Nýr samningur



Launamaður þarf að skrifa undir nýjan samning við atvinnurekanda við lækkun starfshlutfalls. Þetta er tímabundið samkomulag þeirra í milli sem er heimilt að skrá milli 15. mars og 1.júní 2020.

Samkomulag um tímabundna lækkun starfshlutfalls –

https://www.asi.is/media/316387/samkomulag-um-laekkun-starfshlutfalls-2020_lok_2.pdf



Stéttarfélagsgjöld



Við mælum eindregið með því að greiða stéttarfélagsgjöld af hlutabótunum til að koma í veg fyrir mögulegan réttindamissi hjá stéttarfélaginu.



- ❑ Laun þeirra sem voru með 400.000 kr. og í 100% starfshlutfalli áður en breytingin átti sér stað, fá fullar bætur.
- ❑ Staðfest er að laun þeirra sem voru með yfir 400.000 kr. í laun og í 100% starfshlutfalli fyrir breytingarnar munu ekki verða lægri en 400.000 kr. með samanlögð laun frá vinnuveitenda og atvinnuleysisbóta.
- ❑ Heildar upphæð launa greidd af vinnuveitenda og af atvinnuleysisbótum verður að hámarki 90% af þeirri upphæð launa sem greidd voru fyrir lækkun starfshlutfalls tók gildi, og getur ekki farið umfram 700.000 kr.



Nám samhliða vinnu



Námsmenn eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu hafi starfshlutfall þeirra verið minnkað og önnur skilyrði fyrir greiðslum eru uppfyllt.



Tímabundið atvinnuleyfi

Þau sem eru með tímabundin atvinnuleyfi gætu átt rétt á greiðslum vegna ástandsins sem skapast hefur vegna covid-19



Orlof leggst ekki ofan á hlutabætur, einungis það starfshlutfall sem eftir situr.



Kjarasamningsbundin launahækkun




Kjarasamningsbundin launahækkun mun einungis taka til lækkaða starfshlutfallsins, ekki hlutabótanna.



Við útreikning er miðað við meðaltekjur síðustu þrjá mánuði áður en starfshlutfall var minnkað.

Allar tekjur sem greitt er tryggingargjald af eru skoðaðar við það mat.



Ábyrgðarsjóður launa



Ef fyrirtæki verður gjaldþrota, eiga starfsmenn rétt á greiðslu úr Ábyrgðarsjóði launa miðað við hvert starfshlutfall þeirra var fyrir lækkun.



Verið upplýst!
Verið örugg!

